

VIRK – Starfsendurhæfingarsjóður ses.

Ársreikningur

2016



Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla stjórnar og áritun stjórnar á ársreikninginn	2 - 3
Áritun óháðs endurskoðanda	4 - 5
Yfirlit yfir afkomu ársins 2016	6
Efnahagsreikningur 31. desember 2016	7
Sjóðstreymi ársins 2016	8
Skýringar	9 - 13

Stjórn VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs ses.:

Hannes G. Sigurðsson, formaður
Þórunn Sveinbjarnardóttir, varaformaður
Elín Björg Jónsdóttir, meðstjórnandi
Finnbjörn Hermannsson, meðstjórnandi
Gissur Pétursson, meðstjórnandi
Guðmundur Ragnarsson, meðstjórnandi
Gylfi Arnbjörnsson, meðstjórnandi
Halldór Benjamín Þorbergsson, meðstjórnandi
Halldóra Friðjónsdóttir, meðstjórnandi
Ragnhildur Ísaksdóttir, meðstjórnandi
Sigurður Bessason, meðstjórnandi
Sólveig Pétursdóttir, meðstjórnandi
Þóra Hallgrímsdóttir, meðstjórnandi
Þórey S. Þórðardóttir, meðstjórnandi

Framkvæmdastjóri:

Vigdís Jónsdóttir

Kjörinn endurskoðandi:

Grant Thornton endurskoðun ehf.
Theodór S. Sigurbergsson
löggiltur endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Hlutverk VIRK er að efla starfsgetu einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa með árangursríkri starfsendurhæfingaráþjónustu. VIRK var stofnað á árinu 2008 og hefur frá hausti 2009 veitt markvissa þjónustu um allt land. Starfsemin hefur verið í hraðri uppbyggingu og þróun á undanförunum 8 árum.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam afkoma sjóðsins 454,6 millj.kr. á árinu. Að öðru leyti vísast til ársreikningsins varðandi fjárhagsstöðu sjóðsins og rekstur hans á liðnu ári.

Stöðugildi hjá félaginu voru 29,5 og launagreiðslur félagsins námu um 261,5 millj.kr. á árinu. Stöðugildi hjá félaginu á fyrra ári voru 28 og launagreiðslur félagsins námu um 229,5 millj.kr. á árinu 2015.

Á árinu 2016 hefur verið lögð áhersla á að straumlínulaga og þróa áfram þjónustu við einstaklinga með skerta starfsgetu vegna heilsubreysts. Sérstök áhersla var auk þess lögð á að auka atvinnutengingu í starfsendurhæfingu á árinu 2016 og mun sú þróun halda áfram á árinu 2017. Einstaklingum í þjónustu fjölgaði frá upphafi til loka ársins en talsverðar sveiflur eru hins vegar í fjölda nýrra einstaklinga milli mánaða. Áfram leita til VIRK mikill fjöldi einstaklinga sem hafa verið lengi frá vinnumarkaði og glíma við flókinn og erfiðan vanda. Nánari upplýsingar um starfsemina og árangur hennar er að finna í Ársriti VIRK árið 2017.

Varasjóður í lok árs var jákvæður um 3.849,8 millj.kr. en var 3.395,2 millj.kr. í byrjun árs. Varasjóður VIRK hefur þannig stækkað um 454,6 millj.kr. eða um 13,4% á árinu 2016. Um 127,5 millj.kr. eru vegna vaxtatekna.

Það er ekki hlutverk eða markmið VIRK að safna fjármunum í sjóði. VIRK er hins vegar ekki með ríkisábyrgð og því þarf að vera til staðar varasjóður til að geta staðið við þá samninga og þær skuldbindingar sem VIRK hefur samkvæmt lögum nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða. Ráðgjafafyrirtækið Talnakönnun hefur metið þörf á stærð varasjóðs miðað við starfsemina og niðurstaðan er sú að nauðsynlegur sjóður sé 2.225 millj.kr. króna. Þetta er sjóður sem samkvæmt tölfræðilegum aðferðum er með 50% öryggi (þ.e. helmingslíkur eru á að kostnaðurinn verði meiri). Sé hins vegar miðað við 97,5% öryggi eins og oft er gert í tryggingafélögum fæst að sjóðurinn þyrfti að vera 3.676 millj. kr. Raunverulegur sjóður er 3.849,9 millj. kr. sem svarar til 98,7% öryggis. Það er mat stjórnar VIRK að varasjóður VIRK tryggi í dag það öryggi sem þarf að vera til staðar í rekstri VIRK og ekki sé þörf á frekari söfnun í varasjóð.

Stjórn VIRK lagði til við fjármálaráðherra og húsnæðis- og félagsmálaráðherra í lok árs 2015 að sett yrði bráðabirgðaákvæði í lög nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu þar sem framlög atvinnulífsins og lífeyrissjóðanna til VIRK yrðu lækkuð tímabundið úr 0,13% í 0,10% af stofni tryggingargjalds. Stjórnin lagði einnig til að framlag ríkisins verði 500 milljónir á árinu 2016 í stað 650 milljóna og 0,05% af gjaldstofni tryggingagjalds á árinu 2017 í stað 0,06% eins og samkomulag VIRK og fjármálaráðherra og félags- og húsnæðismálaráðherra frá því í apríl 2015 gerði ráð fyrir.

Stjórn VIRK leggur þó áherslu á að hér er um tímabundna lækun að ræða sem mikilvægt er að endurskoða við upptöku starfsgetumats í stað örorkumats. Sú kerfisbreyting mun kalla á mikla aukningu í þjónustu hjá VIRK með tillheyrandi útgjaldaaukningu og því er engan vegin tímabært að taka ákvörðun um hvert framlag atvinnulífs, lífeyrissjóða og ríkis þarf að vera til VIRK til framtíðar.

Skýrsla stjórnar, frh.

Stjórn VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs ses. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2016 með undirritun sinni.

Reykjavík, 30. mars 2017

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs ses.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs ses. fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit yfir afkomu ársins, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2016, efnahag hans 31. desember 2016 og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA). Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda. Við erum óháð félaginu í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi félagsins. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissa er mikil vissa, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Sem hluti af endurskoðuninni sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, beitum við faglegu mati og við höfum faglega tortryggni. Eftirfarandi atriði eru einnig hluti af endurskoðun okkar á ársreikningi sjóðsins:

Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.

Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sjóðsins.

Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Öflum fullnægjandi endurskoðunargagna, vegna fjárhagsupplýsinga eininga innan sjóðsins, til að geta látið í ljós álit á ársreikningi. Við erum ábyrgð fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar sjóðsins. Við berum ein ábyrg á álit okkar á ársreikningi sjóðsins.

Theodór S. Sigurbergsson

löggiltur endurskoðandi

fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf.

Reykjavík, 30. mars 2017

Yfirlit yfir afkomu ársins 2016

	Skýr.	2016	2015
Rekstrartekjur			
Iðgjöld	13	2.217.415.155	2.496.483.938
Framlag ríkisins	14	500.000.000	200.000.000
Rekstrartekjur		<u>2.717.415.155</u>	<u>2.696.483.938</u>
Starfsendurhæfing			
Útgjöld vegna starfsendurhæfingar	4, 15	(2.121.928.370)	(1.922.740.619)
Starfsendurhæfing		<u>(2.121.928.370)</u>	<u>(1.922.740.619)</u>
Rekstrarkostnaður			
Laun og tengd gjöld vegna skrifstofu	3, 16	(142.820.817)	(128.203.783)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	17	(125.515.139)	(153.788.570)
Rekstrarkostnaður		<u>(268.335.956)</u>	<u>(281.992.353)</u>
Afkoma fyrir fjármagnsliði		327.150.829	491.750.966
Fjármagnsliðir			
Fjármunatekjur	5	140.874.915	238.244.094
Fjármagnsgjöld	5	(175.883)	(140.312)
Fjármagnstekjuskattur	5	(13.208.061)	(14.754.725)
		<u>127.490.971</u>	<u>223.349.057</u>
Afkoma ársins		<u>454.641.800</u>	<u>715.100.023</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2016

Eignir

	Skýr.	2016	2015
Fjárfestingar:			
Verðbréf með breytilegum tekjum	7	403.126.574	357.154.140
Verðbréf með föstum tekjum	8	2.944.455.000	2.503.413.145
Innlánsreikningar		179.714.547	204.915.956
		<u>3.527.296.121</u>	<u>3.065.483.241</u>
Aðrar eignir:			
Óinnheimt iðgjöld	6	268.027.144	338.883.381
Bankainnstæður		265.287.108	162.241.507
		<u>533.314.252</u>	<u>501.124.888</u>
		<u>4.060.610.373</u>	<u>3.566.608.129</u>

Eigið fé og skuldir

Stofnfé		1.500.000	1.500.000
Varasjóður		3.849.851.787	3.395.209.987
Eigið fé	9, 12	<u>3.851.351.787</u>	<u>3.396.709.987</u>
Ýmsar skammtímaskuldir	10	209.258.586	169.898.142
Skuldir alls		<u>209.258.586</u>	<u>169.898.142</u>
		<u>4.060.610.373</u>	<u>3.566.608.129</u>

Sjóðstreymi ársins 2016

Skýr.	2016	2015
Rekstrarhreyfingar		
Afkoma ársins	454.641.800	715.100.023
	<u>454.641.800</u>	<u>715.100.023</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:		
Skammtímakröfur; lækkun (hækkun)	70.856.237	(52.544.326)
Skammtímaskuldir; hækkun (lækkun)	39.360.444	34.687.193
	<u>110.216.681</u>	<u>(17.857.133)</u>
Handbært fé frá rekstri	<u>564.858.481</u>	<u>697.242.890</u>
Fjárfestingarhreyfingar		
Verðbréf, lækkun (hækkun)	(461.812.880)	(763.066.331)
Fjárfestingarhreyfingar	<u>(461.812.880)</u>	<u>(763.066.331)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	103.045.601	(65.823.441)
Handbært fé í ársbyrjun	162.241.507	228.064.948
Handbært fé í árslok	<u>265.287.108</u>	<u>162.241.507</u>

Skýringar

1. Starfsemi

Hlutverk VIRK er að efla starfsgetu einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa með árangursríkri starfsendurhæfingarpjónustu.

2. Reikningsskilaaðferðir

Lögfesting iðgjalda

Um starfsemi VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs gilda lög nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða. Þar er kveðið á um greiðsluskyldu atvinnurekenda í sjóðinn og nam hún 0,13% af heildarlaunum starfsmanna á árinu 2015. Þessa fjárhæð bar lífeyrissjóðum að innheimta og skila til VIRK. Einnig er þar kveðið á um greiðsluskyldu lífeyrissjóða og nema þær sömu fjárhæð og lífeyrissjóðirnir innheimta af atvinnurekendum.

Í lok árs 2015 var sett bráðabirgðaákvæði í lög nr. 60/2012 um tímabundna lækkun gjalda úr 0,13% í 0,10% af stofni tryggingagjalds á árunum 2016 og 2017. Framlag ríkisins var 500 milljónir króna á árinu 2016 og verður 0,05% af gjaldstofni tryggingagjalds á árinu 2017.

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga, að undanskildu því að hugbúnaður og rekstrarfjármunir eru gjaldfærðir við kaup. Ársreikningurinn er byggður á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Fjárhæðir eru í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum sjóðsins.

Samanburðartölur fyrra árs

Þar sem nauðsynlegt var talið, hefur samanburðartölum verið breytt til samræmis við breytta framsetningu á rekstrarárinu.

Breyting framsetningu ársreiknings

Framsetning ársreiknings sjóðsins hefur verið breytt á þann veg að laun og tengd gjöld vegna starfsendurhæfingar eru nú talin með liðnum "Starfsendurhæfing" í sundurliðun nr. 15, en voru áður meðal rekstrarkostnaðar sjóðsins. Þróun hugbúnaðar vegna starfsemi starfsendurhæfingar er einnig sett fram í sömu sundurliðun, en var áður meðal rekstrarkostnaðar sjóðsins. Þessi framsetning er talin gefa gleggri mynd af rekstri sjóðsins. Samanburðarfjárhæðum í ársreikningi 2016 hefur verið breytt til samræmis við framangreint.

Mat og ákvarðanir

Í samræmi við lög um ársreikninga ber stjórnendum við gerð ársreiknings að meta, draga ályktanir og taka ákvarðanir sem hafa áhrif á eignir, skuldir, tekjur og gjöld á reikningsskiladegi. Það sama gildir um ábyrgð stjórnenda varðandi upplýsingar í skýringum ársreiknings. Við mat og ályktanir byggja stjórnendur á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Erlendir gjaldmiðlar

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar á gengi viðskiptadags. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í lok árs 2016. Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum á árinu eru umreiknuð í íslenskar krónur á viðskiptadegi. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Fjármagnsliðir

Fjármagnsliðir er færðir í yfirliti yfir afkomu ársins á því tímabili sem þeir falla til.

Skráning innkomu

Iðgjöld eru færð til tekna í yfirliti yfir afkomu ársins þegar greiðsla berst sjóðnum, en við áramót eru þau iðgjöld sem greidd hafa verið á fyrstu vikum eftir lok rekstrartímabils bókuð til tekna.

Lotun gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

Skattamál

Sjóðurinn er ekki tekjuskattsskyldur lögðili og skattar því hvorki reiknaðir né gjaldfærðir í uppgjöri.

Fjárfestingarverðbréf

Verðbréfaeign sjóðsins skiptist í verðbréf með breytilegum tekjum og verðbréf með föstum tekjum.

Verðbréf með breytilegum tekjum eru hlutabréf, hlutdeildarskírteini og önnur slík verðbréf með breytilegum tekjum. Þau verðbréf með breytilegum tekjum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði eru eignfærð á markaðsverði í árslok, en það telst vera verðið á síðasta skráningardegi ársins.

Verðbréf með föstum tekjum eru skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum sem gefin eru út af lánastofnunum, opinberum aðilum eða öðrum félögum. Hér er átt við bréf sem t.d. eru bundin við vísitölu eða gengi gjaldmiða hvort sem vextir eru fastir eða hafa tiltekna vaxtavíðmiðun. Verðbréf með föstum tekjum eru færð til eignar miðað við ávöxtunarkröfu þeirra á kaupdegi. Skuldabréf með víðmiðun við hlutabréfavisitölur eru hins vegar færð á markaðsvirði.

Helsti áhættuþáttur sjóðsins hvað varðar fjárfestingu í verðbréfum telst vera markaðsáhætta.

Markaðsáhætta er sú áhætta sem verður til vegna verðbreytinga á markaði, svo sem breytinga á gengi hlutabréfa og skuldabréfa og breytinga á vöxtum og gengi gjaldmiðla. Til að draga úr markaðsáhættu hefur stjórn sjóðsins samþykkt fjárfestingarstefnu sem tekur mið af markmiðum og aðstæðum sjóðsins. Samningar um eignastýringu við viðskiptabanka sjóðsins eru í samræmi við heimildir í fjárfestingarstefnu sjóðsins og sérfræðingar fjárfesta innan þess ramma sem markaður hefur verið af stjórn sjóðsins.

Óinnheimt iðgjöld og mótframlög

Óinnheimt iðgjöld og mótframlög eru færð að nafnvirði.

Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstremis.

Ýmsar skammtímaskuldir

Ýmsar skammtímaskuldir eru færðar á nafnvirði.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð þeirra með áreiðanlegum hætti.

3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2016	2015
Laun, bifreiðastyrkir og dagpeningar	261.528.104	229.489.824
Lífeyrissjóðsgjöld	24.508.489	20.856.497
Önnur launatengd gjöld	24.378.630	22.373.576
Annar starfsmannakostnaður	12.124.848	7.822.164
Áunnið orlof, breyting	3.544.174	21.786.796
Laun og tengd gjöld vegna starfsendurhæfingar	(183.263.428)	(174.125.074)
Laun og tengd gjöld skrifstofu	<u>142.820.817</u>	<u>128.203.783</u>
Meðalfjöldi starfsmanna umreiknaður í heilsársstörf	13,0	11,9
Launagreiðslur til stjórnenda sjóðsins:		
Framkvæmdastjóri	<u>16.407.498</u>	<u>14.454.851</u>

Stjórnarmenn fá ekki greitt fyrir stjórnarsetu.

4. Útgöld vegna starfsendurhæfingar

Útgjöld vegna starfsendurhæfingar greinast þannig:	2016	2015
Þjónusta og aðstöðugjald vegna ráðgjafa	503.272.379	486.273.611
Sérfræðiþjónusta og matsteymi	283.003.766	284.062.981
Úrræði	1.064.535.231	914.120.187
Laun og tengd gjöld vegna starfsendurhæfingar	183.263.428	174.125.074
Þróun á upplýsingakerfi	64.603.566	62.578.766
Styrkir vegna þróunar, rannsókna og virkni	23.250.000	1.580.000
Útgjöld vegna starfsendurhæfingar samtals	<u>2.121.928.370</u>	<u>1.922.740.619</u>
Meðalfjöldi starfsmanna umreiknaður í heilsársstörf	16,5	16,1
Fjöldi stöðugilda ráðgjafa í lok árs	46,4	47,0
Fjöldi einstaklinga sem nutu þjónustu á vegum VIRK í lok árs	2.034	1.876
Fjöldi nýrra einstaklinga í þjónustu á árinu	1.711	1.794

Rúmlega 30 sérfræðingar voru í sérhæfðum mats- og rýnitemum í lok árs, en vinnuframlag þeirra er mjög mismunandi. Um er að ræða aðkeypta þjónustu sjálfstæðra verktaka í þessum teymum.

5. Fjármagnsliðir

Fjármunatekjur greinast þannig:	2016	2015
Innleystur hagnaður eignastýringar	12.705.219	5.861.526
Óinnleystur hagnaður eignastýringar	86.426.842	187.394.843
Vaxtatekjur eignastýringar	29.237.916	32.562.758
Arðstekjur eignastýringar	740.804	397.623
Umsýsluþóknun eignastýringar	(3.099.438)	(4.696.974)
Vaxtatekjur	12.765.937	14.535.270
Vaxtatekjur v/innheimtu lífeyrissjóða	2.097.635	2.189.048
	<u>140.874.915</u>	<u>238.244.094</u>
 Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Þjónustugjöld	33.810	18.820
Þjónustugjöld Visa/Euro	17.325	15.345
Seðilgjöld reikninga	121.845	100.597
Vextir	2.903	5.550
	<u>175.883</u>	<u>140.312</u>
 Gjaldfærður fjármagnstekjuskattur	<u>13.208.061</u>	<u>14.754.725</u>

6. Óinnheimt iðgjöld

Óinnheimt iðgjöld sundurliðast þannig:	2016	2015
Útistandandi iðgjöld atvinnurekenda	122.772.768	168.584.756
Útistandandi mótframlag lífeyrissjóða	145.254.376	170.298.625
	<u>268.027.144</u>	<u>338.883.381</u>

7. Verðbréf með breytilegum tekjum

Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:	2016	2015
Eignarhlutar í innlendum hlutafélögum	25.270.846	22.526.381
Hlutabréfasjóðir	377.855.728	334.627.759
	<u>403.126.574</u>	<u>357.154.140</u>

8. Verðbréf með föstum tekjum

Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:	2016	2015
Skuldabréf með ríkisábyrgð	2.080.783.421	1.778.162.395
Skuldabréf fyrirtækja og sveitarfélaga	863.671.579	725.250.750
	<u>2.944.455.000</u>	<u>2.503.413.145</u>

9. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:	Stofnfé	Varasjóður	Samtals
Flutt frá fyrra ári	1.500.000	3.395.209.987	3.396.709.987
Afkoma ársins		454.641.800	454.641.800
	<u>1.500.000</u>	<u>3.849.851.787</u>	<u>3.851.351.787</u>

10. Ýmsar skammtímaskuldir

Ýmsar skammtímaskuldir sundurliðast þannig:	2016	2015
Lánardrottinnar	152.180.035	125.578.932
Ógreiddir styrkir	19.399.448	11.899.448
Ógreidd laun og launatengd gjöld	12.348.133	10.632.966
Áunnið orlof	25.330.970	21.786.796
	<u>209.258.586</u>	<u>169.898.142</u>

11. Tengdir aðilar

Viðskipti við tengd félög árið 2016:	Keypt þjónusta, leiga og vörur	Seld þjónusta, leiga og vörur	Skuldir
Alþýðusamband Íslands, stofnaðili	7.521.260	53.000	609.895
Eignarhaldsfélagið Sætúni 1 ehf., í eigu stofnaðila	13.529.857	0	0
Húsfélagið Sætúni 1, í eigu stofnaðila	150.323	0	63.108
Efling stéttarfélag, stjórnartengsl	28.810.030	0	27.856
	<u>50.011.470</u>	<u>53.000</u>	<u>700.859</u>

12. Skuldbindingar

Samkvæmt 15. gr. laga nr. 60/2012 skulu framlög til starfsendurhæfingarsjóðs standa undir þeirri þjónustu sem sjóðnum er skylt að veita. Sjóðurinn skal ábyrgjast skuldbindingar sínar með framlögum og skal miðað við að sjóðurinn geti staðið við þær.

Vígfús Ásgeirsson tryggingastærðfræðingur, fyrir hönd Talmakönnunar hf. hefur að ósk sjóðsins metið nauðsynlegt umfang varasjóðs vegna starfseminnar. Að hans mati er niðurstaða útreikninga sú að miðað við þá skjólstæðinga sem ekki hafa lokið meðferð í lok árs 2016, sé þörf fyrir varasjóð að fjárhæð 2.225 milljónir króna. Miðast sú þörf við tölfraðilegar aðferðir með 50% öryggi (þ.e. helmingslíkur eru á að kostnaður verði meiri). Stærð varasjóðsins þann 31. desember 2016 að fjárhæð 3.849,9 millj. kr. tryggir 98,7% öryggi.

VIRK - Starfsendurhæfingarsjóður ses. hefur samið um smíði á hugbúnaði sem kemur til með að efla enn frekar þjónustu stofnunarinnar við viðskiptavinum og styðja við starfsemi hennar. Heildarkostnaður samninga nemur um 120 milljónum króna, þar af hafa þegar verið greiddar um 20 milljónir króna í lok árs 2016.